



Fundargerð

Sameiginlegur fundur allra Innerwheel klúbba í tilefni af Alþjóðadegi Innerwheel, haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum 13.janúar kl. 12:30. Góð mæting var á fundinum og var fjöldi frá klúbbum eftirfarandi: IW Görðum 2 félagar, IW Hafnarfjörður 11 félagar, IW Keflavík 10 félagar, IW Kópavogur 5 félagar, IW Reykjavík 7 félagar, IW Selfoss 13 félagar.

Sigríður umdæmisstjóri setti fund, kveikti á kerti og tilnefndi sig sem fundarstjóra og Jóhönnu sem ritara og var það samþykkt.

Að lokinni fundarsetningu bauð fundarstjóri Gretti, eiganda Skíðaskálans, að taka til máls og segja frá sögu staðarins og hugmyndum að uppbyggingu framtíðinni. Áhugavert erindi.

Síðan bauð hún Jóhönnu ritara umdæmisins að segja í stuttu máli frá upphafi Innerwheel hreyfingarinnar í Englandi, útbreiðslu um heiminn og síðar á Íslandi.

Þá var komið að hádegisverði og að honum loknum hófst dagskrá skv. fundarboði. Klúbbar settu fundi sína einn af öðrum og sögðu í stuttu máli frá stöðu klúbbanna og starfinu.

IW Garðar: Laufey forseti sagði fáar konur mæta á fundi og starfið að mestu drifið áfram af tveimur félögum, sem hafa verið forseti og gjaldkeri í nokkur ár. Þetta helgast kannski helst af því hve meðalaldur er hár, eða um 90 ár. Nú er þó lífleg mæting þar sem klúbburinn hefur haldið spjallfundi í Bókasafni bæjarins og rætt um jólabækurnar.

IW Hafnarfjörður: Agnes forseti setti fund og bauð Ölmum ritara klúbbsins að lesa fundargerð síðasta fundar. Þar kom fram að fundir hafa verið fjölbreyttir og mæting góð. Dagskrá er í föstum skorðum, alltaf 3ja mínútna erindi og oft koma gestir með áhugaverð erindi á fundina. Félagar eru 21 og fjölgaði um 4 félaga á árinu 2023.

IW Keflavík: Sólveig Einarsdóttir viðtakandi forseti setti fund í fjarveru Ragnheiðar Ástu forseta. Hún sagði lítillega frá starfinu og að jólastyrkur hafi farið til styrktar fjölskyldu frá Grindavík. Félagar eru 24 eins og er, en stefnt er að því að fjölga félögum og næsti fundur klúbbsins verði kynningarfundur, þar sem hver félagi komi með einn gest með sér.

IW Kópavogur: Helga Einarsdóttir viðtakandi forseti, setti fund í forföllum Eddu forseta. Hún sagði félögum fækka, en nú eru félagar 15 talsins. Hlúa þarf að eldri félögum og ákveðið hefur verið að bjóða gestum á næstu fundi, dætrum og tengdadætrum félagskvenna, og reyna að ná til erlendra kvenna. Í janúar var bókafundur og ákveðið að hafa bókaþema eitthvað áfram.

IW Reykjavík: Stefanía forseti setti fund og sagði margt hafa breyst síðan klúbburinn var stofnaður fyrir 50 árum. Klúbbfélagar eru nú 32, en flestir voru félagar yfir 100 talsins. Árið 2023 var ein félagskona, Guðrún B.Jónsson gerð að heiðursféлага, en hún hefur verið félagi í IW Reykjavík í 40 ár. Klúbburinn heldur í hefðir varðandi starfsemi og dagskrá, en ástæða þykir að einfalda fyrirkomulag funda í klúbbum. Sterkur vilji er til breytinga og verður það lagt til og rætt á næsta fundi. Erfitt hefur verið að manna stjórnir, en félagskonum þykir vænt um klúbbinn og þeim er vináttan mikilvæg.

IW Selfoss: Nína forseti setti fund og las gullkorn dagsins eins og venja er á fundum klúbbsins. Alls eru í klúbbum 21 félagi og eru þeir allir virkir. Starfið hefur verið skemmtilegt og dagskrá fram á vor komin á áætlun. Meðal annars koma gestir frá Fossheimum hjúkrunarheimili og Sigurhæðum þjónustu við þolendur kynbundis ofbeldis á Suðurlandi, og kynna fyrir okkur þá starfsemi sem þar fer fram. Í október var að loknum hefðbundnum fundi haldinn vinnufundur þar sem tekið var til í gömlu dóti, myndir flokkaðar og ákveðið hvaða skjöl ættu að fara til varðveislu á Héraðsskjalasafni Árnesinga. Á jólafundi var að venju safnað fé sem afhent var í Sjóðinn góða, sem styrkir þá sem standa höllum fæti fyrir jólin.

Að loknum fundum klúbbanna voru tvö erindi frá umdæmisráði til umfjöllunar.

Annars vegar var það hugmynd sem komið hefur upp hvort rétt væri að umdæmisráð sæti í tvö ár í stað eins árs. Umdæmisstjóri mun ræða þetta mál við fulltrúa á Alþjóðþinginu í Manchester í vor. Samkvæmt lögum umdæmisins mega ritari og gjaldkeri sitja tvö ár í stjórn, en kjósa þarf nýjan umdæmisstjóra á hverju ári, og því er þarna ákveðið misræmi. Til að breyta þessu þarf væntanlega að breyta lögum. Stefnt er að því að taka þetta mál fyrir á Umdæmisþingi 25.maí nk. og eru klúbbar beðnir að kynna sér þetta fyrir þingið svo hægt verði að afgreiða málið þar.

Hinsvegar var rætt hvort Umdæmi IW klúbbanna ætti að standa að styrkveitingum, eða hvort slíkt ætti einungis heima hjá klúbbunum sjálfum. Eftir nokkrar umræður var talið að slíkur styrkur ætti ekki heima hjá umdæminu og var það að lokum samþykkt af öllum klúbbum.

Félagskonur klúbbanna voru almennt ánægðar með fundinn og margar minntust á hve gaman væri að koma svona saman á sameiginlegum fundi klúbbanna, rækta vináttuna og eiga saman ánægjulega stund.

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.15:30

Jóhanna Róbertsdóttir

fundarritari

